



Fornleifaskráning á skógræktarsvæði að Randversstöðum í Breiðdal, Fjarðabyggð



Rannveig Þórhallsdóttir
2025

Forsíðumynd. Horft til norðvesturs yfir vörðu 3406-1.



© Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir landeigendur að Randversstöðum, Breiðdal.

Apríl 2025

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	5
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	5
SÖGULEGT YFIRLIT	8
RANDVERSSTAÐIR	9
FORNLEIFAR	10
3406-1. Varða. Samgöngubót.....	10
3406-2. Gata. Leið	11
3406-3. Gata. Leið	11
3406-4. Hleðsla. Óþekkt (girðing).	12
3406-5. Tóftir. Útihús.....	13
3406-6. Gata. Leið	13
3406-7. Garðlag. Óþekkt.....	13
3406-8. Þúst. Óþekkt.....	14
NÍÐURSTAÐA	15
HEIMILDIR	16
VIÐAUKI I. ÁHRIF VEGNA TÍLEFNIS.....	17
VIÐAUKI II. MINJAKORT	18



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðis merkt inn með rauðu.

Abstract

Archaeological registration nr. 3406 was done in March 2025 by Rannveig Þórhallsdóttir at Sagnabrunnur, regarding afforestation plan of the landowners at Randversstaðir in Breiðdalur, Fjarðabyggð. Eight sites of interest were found within the registration area. Seven of them were considered to be archaeological remains and in danger. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Skráningarsvæðið


Á jörðinni Randversstöðum í Breiðdal, Fjarðarbyggð eru uppi áætlanir að planta skógi í um 59 ha landi, á þremur svæðum sem eru afmörkuð með svörtum flákum á mynd 1. Það land sem áætlað er að planta er til norðurs frekar slétt og mosagróið, mýrlent og klettótt. Til suðurs er það að mestu til bratt og klettótt og skorið lækjum úr fjallshlíðum. Vestan við Randversstaði er skógræktarsvæði í graslendi og hömrum.

Rannveig Þórhallsdóttir fornlifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf., var ráðin til að skrá og mæla upp fornleifar innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis. Valur Arnarsson var fulltrúi

verkkaupa (landeigenda). Farið var á vettvang í fallegu vetrarveðri og hlýindum þann 18. mars 2025. Voru fornleifar mældar upp með Trimble Nomad 5 og ljósmyndir teknar á Canon EOS 250D. Allt svæðið var gengið. Verkið fékk verkefnanúmerið 3406 hjá Minjastofnun.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum nr. 620/2019 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá leyfi til framkvæmda vegna aðal- eða deiliskipulags. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða skipulagssvæði á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði. Nýrækt skóga getur haft í för með



Mynd 2. Skógræktarsvæðið afmarkað með svörtum flákum. Rauðir flákar eru önnur samningsvæði.

sér umbyltingu lands og þar með raskað einstökum fornleifum sem þar kunna að vera. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf því að skrá fornleifar í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á uppdrátt fyrirhugaðs skógræktarsvæðis svo að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Friðun þýðir að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun kann að setja. Með því að skrá fornleifar er hægt að taka fullt tillit til þeirra innan skógræktarsvæðis og koma í veg fyrir að þær verði fyrir skemmdum. Allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, eru friðaðar skv. lögnum. Friðlýstum fornleifum fylgir hins vegar 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Í 3. mgr. 3. gr. nr. 80/2012 eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. laga nr. 80/2012 er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. laga nr. 80/2012 og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að góðum notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess nýtist hún í rannsóknum og kynningum. Finnist merkar minjar í fornleifaskráningunni opnast möguleikar við að kynna og nýta minjar á svæðinu. Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. laga nr. 80/2012. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskonnnun hvort frekari rannsóknar sé

þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 80/2012 segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Sögulegt yfirlit

Samkvæmt Landnámu kom Hrafnkell Hrafnsson til Breiðdalsvíkur á síð-landnámstíð. Síðar er hann talinn hafa numið Hrafnkelsdal og búið að Steinröðarstöðum. Hjalti nokkur átti að hafa numið Kleifarlönd og allan Breiðdal þar upp frá, en Þjóðrekur nam fyrst Breiðdal allan og nyrðri strönd Berufjarðar og fyrir sunnan um Búlandsnes og til Rauðuskriða. Þjó hann í þrjá vetur þar sem nú heitir Skáli.¹

Í Breiðdal hafa fundist fornminjar sem benda til búsetu frá landnámi. Að Þverhamri fundust fornminjar neðanjarðar árið 1951 þegar grafið var hjá bænum með ýtu. Miklar hleðslur reyndust standa djúpt í jörðu og komu upp nokkrir gripir, svo sem fiskisleggja úr steini, sökkur, hurðardráttur og fleira. Merkastur gripa taldist kola úr klébergi sem kom upp þegar grafinn var vatnsleiðsluskurður fyrir vatnsveitu til Breiðdalsvíkur 1951. Kolan reyndist vera frá landnámstíð. Gripirnir eru nú varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands.² Að Snæhvammi í Breiðdal fannst einnig árið 1893 kvenkuml frá 10. öld og klébergsgryta þegar grafið var fyrir kjallara. Með beinum konunnar í kumlinu voru tvær kúptar brjóstnælur af Jalangursgerð, Smykker 57, þríblaðanæla af norsku gerðinni, Smykker 97, þjatla af ofnum dúk og látúnsræma og bein úr hrossi. Kumlið fannst á litlum hóli eða hæð.³ Samkvæmt framangreindu er ljóst að búseta var hafin á tíundu öld í Breiðdal, þó að engar heimildir hafi fundist um búsetu í landi Randversstaða á þeim tíma.

¹ Landnáma, 77. og 81. kafli. <https://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>

² Ármann Halldórsson. (1976). Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 290-291.

³ Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Þjóðminjasafn Íslands*, bls. 238-239.

Randversstaðir

Rýnt var í heimildir um jörðina til að finna vísbendingar um fornleifar, til að mynda *Landnámu, Sveitir og jarðir í Múlapingi, Kuml og haugfé, Sýslu- og sóknarlýsingar*, sem og við skoðun á túnakortum, jarðabókum og örnefnaskráum. Einnig voru skoðaðar eldri fornleifaskráningar sem unnar hafa verið í nágrenninu.⁴

Randversstaða er fyrst getið í máldaga Vallaneskirkju frá árinu 1471, en þá átti kirkjan í Vallanesi þriðja hundraðasta part. Árið 1562 átti kirkjan í Eyðölum hlut⁵ í Randversstöðum.⁶ Samkvæmt *Sveitum og jörðum* fékk Heydalakirkja jörðina árið 1541 í skiptum fyrir Galtastaði í Kirkjubæjarsókn. Jörðin var metin 15,4 hundruð í jarðamati árið 1861 og 75 hundruð í jarðamati árið 1922.⁷ Að bænum



Mynd 3. Túnarkort Randversstaða frá 1919.

stóðu tveir torfbærir til ársins 1915, „gleymdir að mestu“ segir í *Sveitum og jörðum*. Á útbænum, Randversstöðum 1, var byggt íbúðarhús árið 1915, tvær hæðir, fjögur herbergi og skúr á bak við. Í fasteignamatinu árið 1918 voru talin tvö íbúðarhús með torfveggjum á þrjá vegu, að öðru leyti úr timbri og jarnvarin. Húsið að Randversstöðum 1 brann 12. júní 1927. Tvö fjárhús voru á svokölluðum stöpli yst og efst á túninu, tóftir þeirra eru nú utan túns. Heimildir eru um að stundum hafi snjóflóð fallið á tún úr fjallinu og a.m.k. einu sinni á tuttugustu öld drepíð nokkrar kindur og hest. Einnig hafa fallið aurskriður á tún og valdið skemmdum.⁸ Staðsetning

⁴ Adolf Friðriksson og Lilja Björk Pálsdóttir. (2018). „Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra frakvæmda við ljósleiðara í Breiðdalshreppi.“ FS696-17281, Fornleifastofnun Íslands; Adolf Friðriksson. (2019). „Fornleifakönnun vegna ljósleiðara í Breiðdal í Fjarðabyggð. FS735-17282, Fornleifastofnun Íslands; Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning á há- og lágspennustrengjum í Breiðdal, Fjarðabyggð.“ Sagnabrunnur.
⁵ Heydölum, CCCC; Finnur N. Karlsson o fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknarlýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands, bls. 478.

⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, 14. b., bls. 29. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

⁷ Ármann Halldórsson. (1976). *Sveitir og jarðir í Múlapingi*, III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 288, bls. 345.

⁸ Ármann Halldórsson. (1976). *Sveitir og jarðir í Múlapingi*, III. bindi. Búnaðarsamband Austurlands, bls. 345-347.

Randversstaða á túnakorti (sjá mynd 3) virðist sú sama og bærinn stendur nú á, þ.e. í um 150 m fjarlægð austan við vestanvert skógræktarsvæðið. Á túnakortinu má sjá fimmtán hús eða kofa teiknaða inn sem virðast allir utan skógræktarsvæðisins. Engar heimildir eru um friðlýstar fornleifar í landi Randversstaða.⁹

Fornleifar

3406-1. Varða. Samgöngubót.

Norður af Breiðamýri er steinhlaðin og mosagróin varða, um meter á breidd. Í vörðunni eru um 8 umraðir steina og hún er um 1,4-1,5 m á hæð.

Í örnefnaskrá er fjallað um landamerki Randversstaða í landamerkjaskrá Suður-Múlasýslu frá 1884. Þar segir meðal annars: „...síðan ræður svonefnd Sóleyjarkelda allt fram að upphlaðinni vörðu sunnan megin



Mynd 4. Horft til austurs, varða 3406-1.

keldunnar. Úr vörðunni er bein sjónhending í fremri Merkigil allt á fjall upp og síðan út fjalleggjarnar, unz komið er móts við efri enda ytra Merkigils utan undir svonefndum Tröllhömrum.“¹⁰

Líklega er þetta varðan sem um ræðir í örnefnaskrá þar sem bein sjónhending er frá henni upp í Merkigil.

⁹ Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

¹⁰ Örnefnaskrá Randversstaða, Guðrún S. Magnúsdóttir, 4. nóvember 1985, bls. 1.

3406-2. Gata. Leið.


Austan við vörðu 3406-2 er hægt að greina troðna leið eða götu á um 500 m löngu og um 30-40 cm breiðu svæði sem liggur frá norðri til suðurs. Leiðin tengist líklega leið 3406-3, ógreinilegri leið sem liggur frá norðri til suðurs upp hlíðar að Randversstaðahjalla.



Mynd 5. Horft til norðurs eftir leið 3406-2. Greina má vörðu 3406-1 í baksýn.

3406-3. Gata. Leið

Undir Randversstaðahjalla, frá norðri til suðurs, í átt upp að Merkigili, liggur um 30-40 cm breið og um 250 m löng, troðin leið eða gata í mosagrónu landi. Leiðin tengist líklega leið 3406-2 þó að ekki hafi verið hægt að greina tengingu á milli þeirra á vettvangi.



Mynd 6. Horft til suðausturs yfir leið 3406-3.

3406-4. Hleðsla. Óþekkt (girðing).

Greina mátti steinhleðslu frá norðri til suðurs, með 2-3 umröðum steina í hlíðinni austan við Hellisgil. Í hleðslunni voru greinanlegar leifar af gaddavír og viðarstaurar. Líklega er um að ræða steinhleðslu meðfram gaddavírsgirðingu sem gerð hefur verið á tuttugustu öldinni.



Mynd 7. Horft til suðurs eftir hleðslu 3406-4.



Mynd 8. Tóftir 3406-5.



Mynd 9. Horft til suðausturs yfir tóftir 3406-5.

3406-5. Tóftir. Útihús.


Vestan við Helliggil eru grösugur hól sem sker sig úr umhverfi sínu. Þar eru sokknar, grasi grónar, tvíhólfa tóftir, 8 m langar og rúmlega 4 m breiðar. Steinar í hleðslu eru greinanlegir undir fæti í ljósri sinu. Tóftirnar liggja frá N-S með inngangi til vesturs úr norðurhluta tóftar. Þvermál rýmis til norðurs er 1,3 m og til suðurs er 2,5 m. Breidd veggja 1-2 m og hæð veggja um 0,4-1 m. Líklega er um beitarhús eða útihús að ræða. Virðast tóftirnar talsvert sokknar og því geta þær verið fornar. Einnig gætu eldri tóftir leynst undir þeim tóftum sem sjást á yfirborðinu.



Mynd 10. Horft til suðurs eftir leið 3406-6.

3406-6. Gata. Leið

Austan við lækjarfarveg norðan við Krógagil er greinanlegur 30-40 cm troðningur eða leið á um 34 m löngu svæði frá norðri til suðurs.



Mynd 11. Garðlag 3406-7.



Mynd 12. Horft til austurs yfir vegg 3406-7.

3406-7. Garðlag. Óþekkt.

Norðvestan við lækjarfarveg og norðan við Krógagil, var hægt að greina á vettvangi illgreinanlega veggja garða eða aðhalds sem liggur frá austri til vesturs. Það glittir í steina sem

gætu verið úr hleðslum sem virðast um 10 m langar og 6 m breiðar að utanmáli. Hæð veggja um 0,3-0,4 m.

3406-8. Þúst. Óþekkt.

Norðvestan við lækjarfarveg og norðan við Krógagil er greinanleg ferhyrnd þúst, um 2,5 m í þvermál. Hugsanlega hefur staðið bygging á svæðinu en ekki er víst að um fornar minjar sé að ræða. Skoðaðar voru eldri loftmyndir af svæðinu. Þær elstu sem fundust á Loftmyndum voru frá 1998,



Mynd 13. Horft til suðurs yfir 3406-8.

sem og frá tímabilinu 1980-1989 á loftmyndasafni í Minjavefsjá.¹¹ Loftmyndirnar voru ekki í nógu góðri upplausn til að hægt væri að greina hvort minjar væru á svæðinu.

ID	Tegund	Hlutverk	Hætta v. tilefnis	Ástand	Verndun	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3406-01	varða	samgöngubót	hætta	heillegar	friðað	1800-1900	725388.253	487989.981
3406-02	gata	leið	hætta	greinanlegar	friðað	1550-1900	725391.159	487917.247
3406-03	gata	leið	hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	725126.176	486860.297
3406-04	hleðsla	óþekkt (girðing)	engin hætta	greinanlegar	annað	1940-1970	724694.618	486637.975
3406-05	tóftir	útihús	engin hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	724403.711	486938.011
3406-06	gata	leið	engin hætta	greinanlegar	friðað	870-1900	723895.730	487197.540
3406-07	garðlag	óþekkt	engin hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1900	723873.044	487255.416
3406-08	þúst	óþekkt	hætta	illgreinanlegar	friðað	870-1900	723836.240	487228.540

¹¹ <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

Niðurstaða

Mældar voru upp átta minjar að Randversstöðum. Engar friðlýstar minjar (með 100 m friðlýsingarradíus) fundust á svæðinu. Þar sem elstu heimildir eru um jörðina frá 15. öld og minjar frá landnámstíð hafa fundist í Breiðdal er aldur minjanna metinn frá árinu 870-1900 og skilgreindar sem minjaheildin búsetuminjar. Þrjár götur eða leiðir [3406-02], [3406-03], [3406-06] fundust á svæðinu, ein varða [3406-01], ein tóft [3406-05], eitt garðlag [3406-07] og ein þúst [3406-08]. Hleðsla [3406-4] telst ekki vera fornminjar heldur hafa verið hlaðið á tímabilinu 1940-1970 undir gaddavírsgirðingu. Í viðauka 1 er fjallað um minjarnar í samhengi við framkvæmdirnar, hvaða hættu stafar að minjunum og til hvaða mótvægisáðgerða hefur verið gripið til vegna þeirra.

Heimildir

Adolf Friðriksson og Lilja Björk Pálsdóttir. (2018). “Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra frakvæmda við ljósleiðara í Breiðdalshreppi.” FS696-17281, Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson. (2019). „Fornleifakönnun vegna ljósleiðara í Breiðdal í Fjarðabyggð. FS735-17282, Fornleifastofnun Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson o.fl. (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands.

Íslenskt fornbréfasafn. I-XVI. (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands
(<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>)

Minjastofnun Íslands. (2013). „Skráningarstaðlar fornleifa.“

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). „Fornleifaskráning á há- og lágspennustrengjum í Breiðdal, Fjarðabyggð.“ Sagnabrunnur.

Túnakort (1919) fyrir Randversstaði í Breiðdal, nú Fjarðabyggð, Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík (testbirting.mannatal.is).

Örnefnastofnun. (1985). *Örnefnaskrá Randversstaða*. Guðrún S. Magnúsdóttir, 4. nóvember 1985.

Viðauki I. Áhrif vegna tilefnis

Innan skógræktarsvæðisins fundust sjö friðaðar minjar sem ber að vernda skv. 22. gr. laga nr. 80/2012 og töldust í hættu vegna áforma um skógrækt. Þrjár götur eða leiðir [3406-02], [3406-03], [3406-06] fundust á svæðinu, ein varða [3406-01], ein tóft [3406-05], eitt garðlag [3406-07] og ein þúst [3406-08]. Þær mótvægisaðgerðir sem gripið var til var að mæla upp minjar og ljósmynda þær, eins og komið hefur fram í þessari skýrslu. Einnig er lagt til að gætt verði að því að planta ekki nær skráðum minjum en 15 m.

Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Hér hefur verið gerð grein fyrir þeim minjum sem stafar hætta af framkvæmdunum og lagðar til mótvægisaðgerðir. Það er þó Minjastofnunar Íslands að meta eðli og umfang minjanna og hvort rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir hefjast og er það stofnunarinnar að setja þá skilmála sem henni kunna að þykja nauðsynlegir.

Viðauki II. Minjakort

